

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra, nr. 639/2013.

2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–2.000 lítra	kr.	18.240	pr. þró
Rotþró 2.001–4.000 lítra	kr.	22.470	pr. þró
Rotþró 4.001–6.000 lítra	kr.	24.560	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	6.200	pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega samkvæmt reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald, þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var á 385. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 14. nóvember 2024, með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra, nr. 639/2013, öðlast gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1320/2023.

Hvammstanga, 3. desember 2024.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 17. desember 2024